

**IV. Ýmis ákvæði.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 1 296,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 654,00.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3..

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 316, 21. júní 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1988.*

F.h.r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Rafveitu Siglufjarðar.****I. RAFORKA****1. Lýsing.**

1.1 Orka til almennrar lýsingar ..... kr. 6,21 á kWst.

**2. Heimilisnotkun.**

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana ..... kr. 6,21 á kWst.

**3. Vélanotkun.**

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar ..... kr. 6,21 á kWst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafsmælingu, lágmark 20 kW ..... kr. 2,04 á kWst.

Aflgjald með lýsingu ..... kr. 9 331,00 kW/á ári

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun ..... kr. 6,21 á kWst.

Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun ..... kr. 4,69 á kWst.

Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun ..... kr. 4,30 á kWst.

**4. Hitun.**

4.1 Orka til íbúðarhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag . . . . .	kr.	1,60 á kWst.
4.2 Orka til atvinnuhúshitunar, roftími $2 \times 2,5$ klst. á dag . . . . .	kr.	2,13 á kWst.
4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag . . . . .	kr.	2,66 á kWst.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:*

- Að vélafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkvæmt fyrirætlum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

**II. HEIMTAUGAGJÖLD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa . . . . .	kr. 29 700,00	1 688,00
63 A 3-fasa . . . . .	kr. 29 700,00	1 688,00
100 A 3-fasa . . . . .	kr. 40 441,00	1 908,00
125 A 3-fasa . . . . .	kr. 49 450,00	2 178,00
200 A 3-fasa . . . . .	kr. 65 246,00	2 953,00
300 A 3-fasa . . . . .	kr. 112 805,00	3 426,00

Yfirlengdargjald greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

**III. OPNUNARGJALD**

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 290,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 290,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

**IV. SÖLUSKATTUR**

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 532, 30. nóvember 1987.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1988.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*